

#### Stofnupplýsingar

Frá : Gréta Mar Jósepsdóttir  
Heiti : Eftirfarandi bókun var samþykkt á stjórnarfundum Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 22. október 2024.  
Málsnúmer : 2410175  
Málsaðili : Samband íslenskra sveitarfélaga  
Skráð dags : 25.10.2024 10:24:33  
Höfundur : Gréta Mar Jósepsdóttir

#### Viðhengi

image001.png

#### Góðan dag

Berist til aðildarsveitarfélaga Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Eftirfarandi bókun var samþykkt á stjórnarfundum Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 22. október 2024.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga lýsir yfir þungum áhyggjum af áhrifum mögulegs loðnubrests á íslenskt efnahagslíf. Ekki síst gætir áhrifanna hjá íbúum og fyrirtækjum í sveitarfélögum þar sem uppsjávarvinnsla er ein af meginstöðum atvinnulífsins. Ef ekki verður loðnuvertíð á næsta ári verður það annað árið í röð sem tekjutap af þeim völdum dynur yfir þessi sveitarfélög og samfélagið allt hér á landi. Jafnframt mun það hafa mjög neikvæð áhrif á hagvöxt á næsta ári sem er grafalvarlegt.

Haustmælingar á loðnu gáfu þó vísbendingar um að hægt verði að gefa út upphafskvóta og því leggja Samtök sjávarútvegssveitarfélaga mikla áherslu á að Hafrannsóknarstofnun verði fjárhagslega undir það búin að fara í öflugar bergmálmælingar í byrjun næsta árs til að hægt sé að ganga úr skugga um hvort ekki sé hægt að heimila þessar þjóðhagslega mikilvægu veiðar. Það er skýlaus krafa sjávarbyggða á Íslandi að ríkisvaldið sjái til þess að jafn mikilvæg stofnun og Hafrannsóknarstofnun sé fullfjármögnuð og gert kleift að halda úti öflugum rannsóknnum á fiskistofnum þjóðarinnar til að hægt sé að tryggja sjálfbærar veiðar sem skipta sköpum fyrir íslenskt efnahagslíf.

Gréta Mar Jósepsdóttir

Þjónustufulltrúi / Þjónustusvið

Beint innval: 515 4924

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is